



Sjúkraliðafélag Íslands

Reykjavík 17. mars 2016

Efni: Verkfallsboðun Sjúkraliðafélags Ísland (SLFÍ) gagnvart þeim sveitarfélögum/stofnunum sem Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) hefur umboð fyrir.

Þann 14. mars sl. lagði Sjúkraliðafélag Íslands fram tilkynningu til ríkissáttasemjara og SNS um boðun verkfalls sem hefst 4. apríl nk. og niðurstöðu kosningar félagsmanna SLFÍ um verkfall.

Vegna óljósra upplýsinga fulltúa SNS um hverjum boða eigi fyrirhugað verkfall sjúkraliða í Sjúkraliðafélgi Íslands, sem eru í störfum hjá sveitarfélögum, sem SNS hefur umboð fyrir, hefur Kjaramálanefnd SLFÍ ákveðið að senda einnig boðunina á forsvarsfólk sveitarfélaga og stofnana.

Samningar hafa verið lausir frá 1. maí 2015 og illa gekk að fá skipulagða fundi með samninganefnd SNS, þannig að á endanum vísaði kjaramálanefnd SLFÍ viðræðunum/deilunni til ríkissáttasemjara. Undir stjórn ríkissáttasemjara hafa verið haldnir 10 fundir og á einhverjum tímamarki leit út fyrir að aðilar væru að þokast í samningsátt, en þegar á reyndi þá vara „lokatilboð“ frá SNS mun lægra en félagið hefur samið um við aðra launagreiðendur og lægra en SNS hefur nú þegar samið um við önnur stéttarfélaög.

Að þessu skoðuðu og í samráði við sjúkraliða um allt land var það niðurstaðan að beita því eina úrræði sem eftir var, að boða til verkfalls, sem hefst 4. apríl ef ekki hefur verður samið fyrir þann tíma.

Meðfylgjandi er:

- Niðurstaða koningar, sem var rafræn og krafist var notkuna rafrænna skilríkja eða Íslykils.

Fh. Kjaramálanefndar Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á Guðmundsdóttir formaður SLFÍ